

# Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2018-2022

5. fundur 31. mars 2020 haldinn í fjarfundi,

vísað er í lögmati fundarins samkvæmt heimild í auglýsingu ráðherra 18.03.2020

## Mættir nefndarmenn:

Grýtubakkahreppur: Þröstur Friðfinnsson, Margrét Melstað

Eyjafjarðarsveit: Jón Stefánsson, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir

Akureyri: Tryggvi Már Ingvarsson, Halla Björk Reynisdóttir

Hörgársveit: Snorri Finnlaugsson, Jón Þór Benediktsson

Dalvíkurbyggð: Börkur Ottósson, Haukur Gunnarsson

Fjallabyggð: Elías Pétursson

**Nefndarmenn sem boðuðu forföll:** Björg Erlingsdóttir, Gestur Jensson

## Aðrir mættir:

Árni Ólafsson arkitekt

*Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúi Eyjafjarðar (Grýt, Svalb, Esveit og Hörg)*

Ármann V. Sigurðsson, skipulagsfulltrúi Fjallabyggð

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri

Elva Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð.

## Fundur settur kl. 14.00

Dagskrá fundarins:

1. Breyting Svæðisskipulags Eyjafjarðar, skipulagstillaga og umhverfisskýrsla

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 var auglýst 21. janúar 2020 með athugasemdafresti til 6. mars 2020. Áður hafði skipulagslýsing verið auglýst og kynnt (mars 2018) og kynningarfundur haldinn um drög að breyttu skipulagi (júní 2019). Athugasemdir við auglýsta tillögu bárust frá þremur aðilum. Efnisatriði athugasemda eru tilgreind en útskýringum, rökstuðningi og annarri umfjöllun bréfitara er sleppt og vísað í frumrit athugasemda í því sambandi.

	Athugasemd	Umsögn/afgreiðsla
1	<b>Vegagerðin.</b> <b>Dagsett 4. mars 2020.</b>	

Athugasemd	Umsögn/afgreiðsla
<p>Ekki er gerð athugasemd við breytinguna á þessu stigi. Bent á að leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir öllu þverunum lagna yfir vegi á vegaskrá, bæði á lofti og í jörðu, mannvirkjum innan veghelgunarsvæða og öllum tengingum við þjóðvegi.</p>	<p>Athugasemdin gefur ekki tilefni til ályktunar. Tekið verður mið af ábendingu Vegagerðarinnar.</p>
<p><b>2 Guðfinna Nývarðsdóttir og Óli Þór Ástvaldarson, Þórustöðum 5. Dagsett 5. mars 2020.</b>  Vakin er athygli á að núverandi Kröflulína er aðeins um 30 m frá íbúðarhúsinu Þórustöðum 5. Mótþætt er þeirri stöðu sem húsið er í og óskað liðsinnis og stuðnings hlutaðeigandi aðila til þess að fá henni breytt sem allra fyrst.</p>	<p>Athugasemdin á ekki við viðfangsefni svæðisskipulagsins og gefur ekki tilefni til ályktunar.</p>
<p><b>3 Ólafur Valsson. Dags. 5. mars 2020.</b></p>	
<p>3 a) <i>Athugasemd við þriðja undirlið fyrri markmiðs í kafla 2.2.1. (Lega og útfærsla ... o.s.frv.):</i>  Þar sem ekki standi rök til þess að svæðisskipulag bindi sveitarfélög og flutningsfyrirtæki um rekstrarspennu er lagt til að orðalag núgildandi svæðisskipulags haldist óbreytt um þetta.</p>	<p>132 kV spenna er lágmarksviðmiðun fyrir þær flutningslínur, sem skilgreina þarf í svæðisskipulagi. Ekki verður séð að stefna um vinnulag við hönnun línunnar feli í sér skilyrði um ákveðið spennustig eða útfærslu að öðru leyti. Ekki er fallist á sjónarmið bréfitara.</p>
<p>3 b) <i>Athugasemd við fyrri undirlið seinna markmiðs í kafla 2.2.1:</i>  Vísað er til þess að gera megi ráð fyrir því að ný stefna um uppbyggingu raforkukerfisins, sem kemur í stað tilvísðra þingsályktana, taki gildi á næstu mánuðum eða misserum og eldri falli úr gildi. Eðlilegt að þessa sé getið í svæðisskipulagi.</p>	<p>Fallist er á sjónarmið bréfitara að því leyti að getið verði um fyrirhugaða stefnumörkun stjórnvalda, sem er í vinnslu, í umhverfisskýrslu. Hins vegar eru að svo stöddu engar forsendur til annars en að vísa í þær ályktanir og stefnur sem fyrir liggja og eru samþykktar af stjórnvöldum.</p>
<p>3 c) <i>Athugasemd við mynd 1 og texta við hana:</i>  Bréfitari telur ekki forsendur til að binda hendur sveitarfélagsins eða flutningsfyrirtækisins um upphafspunkt Blöndulínu 3 í Hörgársveit.  Lagt er til að endapunktur væntanlegrar Blöndulínu 3 verði ekki sýndur á táknrænan hátt með þeim hætti sem gert er á mynd 1 í svæðisskipulagstillögu, heldur verði annað hvort sleppt alveg eða sýndur sem valkostur á milli þess að fara Öxnadalshéiði eða um Hörgárdalsheiði. Skýringarmynd er meðfylgjandi.</p>	<p>Breytingartillagan tekur mið af Blöndulínu 3 eins og hún er í staðfestu aðalskipulagi Akrahrepps. Í tillögunni og í umhverfisskýrslu er línuleiðinni lýst um Öxnadalshéiði og miðast framsetning skýringarmyndar við það. Línuleið er ekki tilgreind í markmiðum/stefnu svæðisskipulagsins. Verði niðurstaða kostagreiningar og umhverfismats sú að línan liggja um Hörgárdalsheiði kallar það á formlega breytingu á svæðisskipulaginu og aðalskipulagi Akrahrepps.</p>

Athugasemd	Umsögn/afgreiðsla
<p>3 d) Athugasemd við samantekt umhverfisskýrslu: Lögð er til orðalagsbreyting í næstsíðustu setningu 1. mgr. kaflans <i>Viðfangsefni</i>. Hún verði: Innan marka svæðisskipulagsins liggur línuleiðin frá Öxnadalshéiði <b>eða Hörgárdalsheiði</b> til Akureyrar.</p>	Sjá 3 c)
<p>3 e) Bent er á að ný kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 hafi verði staðfest.</p>	Bréfitara er þökkuð ábendingin. Tilvísanir í kerfisáætlun verða uppfærðar.
<p>3 f) Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar í kafla 2.1 í umhverfisskýrslu (feit- og skáletrað):</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert er ráð fyrir að þær verði reknar á 132 kV eða hærri spennu. Línuleiðin liggur frá Öxnadalshéiði <b>eða Hörgárdalsheiði</b> til Akureyrar.</li> <li>• Í tillögu að breyttu svæðisskipulagi er lagt til að sett verði stefna um að Blöndulína 3 verði lögð og valkostir um upphafs- og endapunkta hennar skilgreindir (Öxnadalshéiði/<b>Hörgárdalsheiði</b> – Akureyri).</li> </ul>	Sjá 3 c)
<p>3 g) Bent er á að í kafla 3.4.2 í umhverfisskýrslu vanti tilgreiningu eins svæðis á náttúruminjaskrá, svæðis 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur.</p>	Svæði 505 á náttúruminjaskrá, Hraunsvatn og Vatnsdalur (aðrar náttúruminjar), fellur að stórum hluta saman við fólkvanginn að Hrauni í Öxnadal. Þakkað er fyrir ábendinguna og verður yfirlit yfir náttúruminjar í umhverfisskýrslu lagfært.
<p>3 h) Uppfæra þarf kort yfir náttúruverndarsvæði á mynd 1 í umhverfisskýrslu. Vísað er í skýringarmynd í aðalskipulagi Hörgársveitar sem sýnir þann hluta svæðis á náttúruminjaskrá, sem ekki fellur undir fólkvanginn í Hrauni.</p>	Uppdráttur sem sýnir náttúruvernd á skipulagssvæðinu (mynd 1) er í samræmi við samþykkt verndarákvæði og afmörkun verndarsvæða skv. gögnum frá Umhverfisstofnun. Ekki eru færð inn svæði sem eru til athugunar eða ósamþykktar hugmyndir um ný verndarsvæði. Kort úr aðalskipulagi Hörgársveitar, sem vísað er til í athugasemdinni, sýnir svæði með náttúruminjum en ekki verndarsvæði.

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar samþykkir að senda tillögu um breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær til sveitarstjórna á skipulagssvæðinu til afgreiðslu sbr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórnir skulu innan 6 vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar. Því næst sendir svæðisskipulagsnefnd tillöguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar, auglýsir niðurstöðu sína og sendir þeim, sem athugasemdir gerðu, umsögn sína um þær.

Breytingar á tillögunni eiga ekki við um meginatriðið hennar og kalla ekki á að hún verði auglýst aftur.

2. Endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar, skipulagslýsing  
Árni kynnti vinnu sem er í gangi að endurskoða aðalskipulag Dalvíkurbyggðar.  
Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

Árni Ólafsson yfirgaf fundinn kl. 14.47.

3. Aðalskipulag Grýtubakkahrepps, breytingartillaga á vinnslustigi  
Vigfús kynnti tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps.  
Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.

4. Aðalskipulag Hörgársveitar, breytingartillaga, Glæsibær  
Vigfús kynnti tillögu að breytingu aðalskipulags Hörgársveitar, Glæsibær, sem er í auglýsingu núna, svæðisskipulagsnefnd hafði áður gert athugasemd við.  
Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna enda er hún í samræmi við bókun nefndarinnar frá 7. maí 2019.

5. Önnur mál

Annað var ekki rætt á fundinum og fundi slitið kl. 15.00